

Sent umhverfisnefnd Alþingis

Reykjavík 10. nóvember 2003
2003110001/016-1
SB/hj

Umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 162. mál heildarlög

Vísað er til bréfs Umhverfisnefndar Alþingis dags. 31. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 162. mál heildarlög.

Náttúrufræðistofnun hefur í tvígang áður gert athugasemdir við þetta frumvarp í lítilla breyttri mynd, sbr. bréf stofnunarinnar til umhverfisnefndar dagsett 13. mars 2002 og 28. janúar 2003.

Megin athugasemdir stofnunarinnar hafa verið og eru enn þær að heiti laganna og markmiðssetning lofi meiru en ákvæði frumvarpsins efna, m.ö.o. að verndun hafsins snúi að fleiru en mengunarvörnum. Í því efni má benda á rask vegna dýpkunarframkvæmda, efnisnáms, hafnarframkvæmda, fyllinga, botnveiða með trolli og sköfu, umferðar ferðamanna og vegna ágangs framandi tegunda. Þess vegna hefur stofnunin lagt til að annaðhvort verði heiti laganna og markmiðssetningu breytt eða að almennum lífríkisverndarákvæðum verði bætt við lögin.

Stofnunin ítrekar einnig athugasemdir vegna skilgreininga á ýmsum nýjum hugtökum sem virðast óþörf og ofaukið. Við fyrri lista (sjá bréf dags. 28.01.03) má bæta hugtakinu "strandsjór" (=efnahagslögsaga) og óljós munur er á "óvinnsluhæfum rekstrarúrgangi" og "rekstrarúrgangi".

Að öðru leyti er vísað til fyrri umsagna Náttúrufræðistofnunar Íslands um þetta frumvarp.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

